# Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

## Ársreikningur 2012

Séreignardeild

Sameignardeild

# Lífeyrissjóður
# Tannlæknafélags Íslands
# Séreignardeild

Ársreikningur 2012

**Efnisyfirlit:** **bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 - 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 14 |


*Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands,*
*Séreignardeild*
*kt. 430269-1519*

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi séreignardeildarinnar

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er ætluð starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

## Starfsemin á árinu

Í lok ársins 2012 áttu 329 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, en iðgjöld greiddu að meðaltali 160 aðilar. Iðgjöld námu kr. 97.931.242 á árinu 2012. Á árinu var greiddur barnalífeyrir að fjárhæð kr. 6.795.835, makalífeyrir að fjárhæð kr. 6.893.199 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 48.929.179. Samtals nemur útgreiddur lífeyrir á árinu 2012 kr. 62.618.213 til 49 aðila. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar sem greiddur var af séreignardeildinni nam kr. 2.074.657 á árinu.

Hrein ávöxtun á eignum séreignardeildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var 3,44%.

Frá árinu 2009 hefur Sérstakur saksóknari verið með mál tengd lífeyrissjóðinum til rannsóknar. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til kæru Fjármálaeftirlitsins vegna meintra brota í starfsemi sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Í kjölfar kæru var stjórn og framkvæmdastjórn sjóðsins vikið frá störfum og sjóðnum skipaður tímabundinn umsjónaraðili. Umsjónaraðilinn starfaði frá mars 2009 til júlí 2009 og tók þá framkvæmdastjóri og réttkjörin stjórn við rekstri sjóðsins á ný. Á árinu 2011 lauk Sérstakur saksóknari rannsókn sinni með niðurfellingu málsins án ákæru. Sú ákvörðun var kærð af Fjármálaeftirlitinu til Ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari vísaði málinu aftur til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara. Núna fjórum árum eftir að málið hófst hefur Sérstakur saksóknari lokið rannsókn sinni og Ríkissaksóknari tekið ákvörðun um að fella málið endanlega niður án ákæru. Stjórn sjóðsins hefur allt frá upphafi þessa máls gert alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og framgöngu Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins.

Um áramótin tók gildi ný fjárfestingastefna fyrir lífeyrissjóðinn. Helstu breytingar voru þær að markmið um hlutfall innlána var lækkað úr 16% í 8% og markmið um hlutfall innlendra hlutabréfa var aukið úr 5% í 15%.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu 2012 og annaðist Landsbankinn rekstur hans. Framkvæmdastjóri er starfsmaður bankans. Kostnaður við rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi við Landsbankann á árinu var 699 þúsund krónur. Stærstur hluti eigna sjóðsins er fjárfestur í tryggðum innlánum ríkisbankanna og skuldabréfum með ríkisábyrgð.

## Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2012 kr. 2.829.866.313 og hafði þá hækkað um 9,0% eða kr. 233.144.840 frá árslokum 2011.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur gert samning við Landsbankann, og annast hann umsjón og eignastýringu sjóðsins innan gildandi fjárfestingastefnu stjórnar sjóðsins hverju sinni. Landsbankinn leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2013.

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Hallur Halldórsson

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Halldór Kristinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning séreignardeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2012, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu séreignardeildarinnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. apríl 2013.

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Kristinn Kristinsson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 30.355.304 | 29.771.460 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 67.575.939 | 54.279.876 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (13.851.707) | 1.060.411 |
| | | 84.079.536 | 85.111.747 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 62.618.213 | 51.581.150 |
| **Fjárfestingartekjur** | 4 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 34.858.994 | 5.180.988 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 177.716.154 | 273.911.776 |
| Breyting á niðurfærslu | | 5.827.050 | (7.895.287) |
| | | 218.402.198 | 271.197.477 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 563.262 | 538.882 |
| Vaxtagjöld | | 13.542 | 12.816 |
| Önnur fjárfestingargjöld | | 453.939 | 157.116 |
| | | 1.030.743 | 708.814 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 5.687.938 | 5.132.153 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 233.144.840 | 298.887.107 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 2.596.721.473 | 2.297.834.366 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 2.829.866.313 | 2.596.721.473 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | Skýr. | 2012 | 2011 |
| --- | --- | --- | --- |
| **Fjárfestingar** | 5 | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 826.239.658 | 552.669.204 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 1.713.548.169 | 1.625.606.750 |
| Veðlán | | 37.429.095 | 48.716.410 |
| Bankainnistæður | | 223.372.934 | 325.708.824 |
| | | 2.800.589.856 | 2.552.701.188 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 7.678.542 | 9.500.085 |
| Aðrar kröfur | | 0 | 1.493.428 |
| | | 7.678.542 | 10.993.513 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Handbært fé | | 25.599.230 | 39.791.971 |
| Aðrar eignir | | 23.432 | 0 |
| | | 25.622.662 | 39.791.971 |
| **Eignir samtals** | | 2.833.891.060 | 2.603.486.672 |

## Skuldir

| | | | |
| --- | --- | --- | --- |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 4.024.747 | 6.765.199 |
| **Skuldir samtals** | | 4.024.747 | 6.765.199 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 2.829.866.313 | 2.596.721.473 |
| **Aðrar upplýsingar** | 7-8 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 99.228.570 | 85.111.779 |
| Fjárfestingartekjur | | 82.904.440 | 83.877.341 |
| Afborganir verðbréfa | | 64.966.127 | 53.844.046 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 353.562.937 | 168.672.663 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 211.228.058 | 30.562.220 |
| | | 811.890.132 | 422.068.049 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 76.397.647 | 52.337.678 |
| Fjárfestingargjöld | | 13.542 | 12.816 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 7.540.489 | 11.992.937 |
| Aðrar útgreiðslur | | 0 | 3.031.962 |
| | | 83.951.678 | 67.375.393 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 727.938.454 | 354.692.656 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 472.736.743 | 178.906.017 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 371.730.342 | 170.503.697 |
| (Lækkun) hækkun á bankainnstæðum | | (102.335.890) | 20.606.499 |
| | | 742.131.195 | 370.016.213 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (14.192.741) | (15.323.557) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 39.791.971 | 55.115.528 |
| **Handbært fé í árslok** | | 25.599.230 | 39.791.971 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á séreignardeildina.

### 1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við markaðskröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bankainnistæður.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2012.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við markaðskröfu.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga. Veðlán eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vístölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2013.

Bankainnistæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnistæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnistæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

# Skýringar

### 1.5 Almennar kröfur

Almennar kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

### 1.7 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Landsbankans samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Landsbankinn annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2012 210,8 milljónir og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 21,1 milljónir króna.

### 2.3 Útlánaáhætta

Sjóðurinn einbeitir sér ekki sérstaklega að útlánaáhættu. Hins vegar hefur félagið ákveðna stefnu gagnvart útlánum til sjóðfélaga.

### 2.4 Áhættustýring

Sjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu, seljanleikaáhættu og lífeyristryggingaráhættu fyrir sameignardeild. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir því að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

**Greiddur lífeyrir greinist þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Makalífeyrir | 6.893.199 | 6.213.491 |
| Barnalífeyrir | 6.795.835 | 1.422.845 |
| Eftirlaun | 48.929.179 | 43.944.814 |
| | 62.618.213 | 51.581.150 |

## 4. Fjárfestingatekjur

**Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Arður af hlutabréfum | 1.335.047 | 0 |
| Gangvirðisbreyting af hlutabréfum | 33.523.947 | 5.180.988 |
| | 34.858.994 | 5.180.988 |

**Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum | 1.554.956 | 1.192.514 |
| Gengishagnaður | 1.179.970 | 674.049 |
| Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa | 173.952.247 | 270.980.769 |
| Dráttarvextir | 1.028.981 | 1.064.444 |
| | 177.716.154 | 273.911.776 |

**Breyting á niðurfærslu greinist þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1 | (44.382.018) | (36.486.731) |
| Breyting á niðurfærslu | 5.827.050 | (7.895.287) |
| Niðurfærsla 31.12 | (38.554.968) | (44.382.018) |

**Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar sundurliðast þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Decode | (4.946) | 0 |
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund I | (11.037.974) | (11.276.282) |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 16.869.970 | 3.380.995 |
| | 5.827.050 | (7.895.287) |

# Skýringar

## 5. Fjárfestingar

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Hlutabréf:** | | |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóðanna um verðbréfaskráningu | 10.722 | 10.722 |
| Tryggingamiðstöðin hf | 11.896.849 | 0 |
| Reginn hf | 24.612.104 | 0 |
| Eimskipafélag Íslands hf | 35.507.400 | 0 |
| Icelandair Group hf | 38.025.720 | 27.665.000 |
| Marel hf | 55.638.000 | 26.250.000 |
| Össur hf | 9.373.304 | 8.962.618 |
| Hagar hf | 5.268.396 | 4.234.160 |
| Decode Genetics Inc | 0 | 4.715 |
| | 180.332.495 | 67.127.215 |
| **Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:** | | |
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 85.552.915 | 17.037.176 |
| Stefnir ÍS-5 | 13.741.575 | 11.083.873 |
| | 99.294.490 | 28.121.049 |
| Skuldabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Markaðsbréf | 83.188.225 | 32.352.009 |
| Gamma: Iceland Government Bond Fund | 26.702.107 | 0 |
| Landsbréf - Sparibréf löng | 13.464.423 | 48.327.250 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng | 13.363.227 | 13.204.399 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt | 10.687.873 | 0 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð | 118.831.636 | 133.994.399 |
| Fyrirtækjabréf Landsbankans | 51.493.522 | 59.076.949 |
| Markaðsbréf Landsbankans - stutt | 0 | 6.877.289 |
| | 317.731.013 | 293.832.295 |
| Önnur innlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Gamma Iceland Fixed Income Fund | 18.025.990 | 0 |
| Landsbanki Currency fund | 0 | 309.104 |
| | 18.025.990 | 309.104 |
| **Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:** | | |
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| T.Rowe Price - Global Equities I | 70.622.008 | 37.868.049 |
| Carnegie - Worldwide Fund | 75.671.276 | 41.441.202 |
| Landsbréf - Global Equity Fund | 12.237.612 | 5.139.661 |
| Black Rock - Global Opportunities Fund | 7.778.460 | 0 |
| | 166.309.356 | 84.448.912 |
| Önnur erlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 16.259.999 | 40.536.298 |
| LPE II | 28.286.315 | 23.760.000 |
| Landsbanki Absolute Return Strategies | 0 | 1.354.536 |
| Landsbanki Mezzanine Fund | 0 | 3.900.815 |
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund I | 0 | 9.278.982 |
| | 44.546.314 | 78.830.631 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum samtals | 826.239.658 | 552.669.204 |

# Skýringar

| Innlend skuldabréf: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 1.215.607.519 | 1.276.550.956 |
| Ríkisbréf | 223.025.268 | 187.552.807 |
| Fyrirtæki | 123.347.632 | 62.833.097 |
| Sveitarfélög | 97.153.414 | 77.042.770 |
| Skuldabréf lánastofnanna | 54.414.336 | 0 |
| | 1.713.548.169 | 1.603.979.630 |
| **Erlend ríkistryggð skuldabréf** | | |
| US Treasury Bill | 0 | 21.627.118 |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 1.713.548.169 | 1.625.606.750 |
| **Veðlán:** | | |
| Sjóðfélagalán | 37.429.095 | 48.716.410 |
| **Bankainnistæður:** | | |
| Bundnar innistæður | 223.372.934 | 325.708.824 |
| **Heildar fjárfestingar** | **2.800.589.856** | **2.552.701.188** |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2012. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tillti til markaðsaðstæðna.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:** | | |
| Fjárfestingar í ISK | 2.589.734.186 | 2.367.789.812 |
| Fjárfestingar í USD | 154.071.744 | 102.295.620 |
| Fjárfestingar í EUR | 40.523.927 | 38.178.643 |
| Fjárfestingar í GBP | 16.259.999 | 44.437.113 |
| | 2.800.589.856 | 2.552.701.188 |

# Skýringar

## 6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Gjaldfærður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður skiptist á milli séreignar- og sameignardeildar í hlutföllunum 82,77% og 17,23%:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 4.294.083 | 3.602.091 |
| Endurskoðun | 1.257.832 | 1.260.621 |
| Umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 699.285 | 808.323 |
| | 6.251.200 | 5.671.035 |

Í sameiginlegum kostnaði er hlutfall séreignardeildar af stjórnarlaunum og launum endurskoðunarnefndar:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður | 1.036.565 | 910.912 |
| Gísli Vilhjálmsson | 256.981 | 182.182 |
| Sæmundur Pálsson | 207.319 | 182.182 |
| Hallur Halldórsson | 207.319 | 182.182 |
| Heiðdís Halldórsdóttir | 207.319 | 91.091 |
| Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, formaður endurskoðunarnefndar | 109.492 | 134.204 |
| Þórólfur Ólafsson | 49.662 | 0 |
| Jón Björn Sigtryggsson | 0 | 91.091 |
| | 2.074.657 | 1.773.844 |

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 1,2 milljónum króna. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af Innri endurskoðun Landsbankans, en þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Landsbankans samkvæmt samningi.

## 7. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig á næstu árum til að leggja 63,7 m.kr. í LPE II, Horn II og SIA II.

# Skýringar

## 8. Fimm ára yfirlit

| | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 3,44% | 5,92% | 6,77% | 8,35% | -28,61% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár | -1,98% | -2,39% | -2,01% | -1,79% | -1,79% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 23,39% | 16,24% | 16,40% | 17,51% | 60,98% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 59,92% | 63,68% | 60,76% | 51,42% | 0,70% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 6,11% | 5,42% | 6,89% | 9,03% | 6,24% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 1,26% | 0,00% | 0,00% | 0,01% | 0,01% |
| Veðlán | 1,34% | 1,91% | 2,38% | 2,84% | 3,09% |
| Bankainnistæður, bundnar | 7,98% | 12,76% | 13,57% | 19,19% | 28,98% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 92,47% | 92,76% | 91,78% | 86,00% | 80,64% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðli | 7,53% | 7,24% | 8,22% | 14,00% | 19,36% |
| Samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 329 | 322 | 309 | 319 | 329 |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal | 160 | 150 | 145 | 148 | 165 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 49 | 38 | 32 | 76 | 62 |
| Fjöldi lífeyrisþega - meðaltal | 28 | 24 | 23 | 30 | 27 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir | 78,14% | 85,20% | 90,65% | 89,59% | 82,93% |
| Örorkulífeyrir | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Dánarbætur | 11,01% | 12,05% | 9,19% | 5,34% | 10,51% |
| Barnalífeyrir | 10,85% | 2,75% | 0,17% | 5,07% | 6,55% |

# Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands Sameignardeild

Ársreikningur 2012

## Efnisyfirlit:


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 - 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 - 15 |


*Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, sameignardeild*
*kt. 421299-9199*

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi sameignardeildarinnar

Sameignardeild Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands var stofnuð í nóvember 1999. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

## Starfsemin á árinu

Í lok ársins 2012 áttu 283 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum, en iðgjöld greiddu að meðaltali 155 aðilar. Iðgjöld námu kr. 48.804.202 á árinu 2012. Á árinu var greiddur örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 1.832.290, makalífeyrir að fjárhæð kr. 3.104 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 1.582.667. Samtals nemur útgreiddur lífeyrir á árinu 2012 kr. 3.418.061 til 9 aðila. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar sem greiddur var af sameignardeildinni nam kr. 431.366 á árinu.

Hrein ávöxtun á eignum sameignardeildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var 3,95%.

Frá árinu 2009 hefur Sérstakur saksóknari verið með mál tengd lífeyrissjóðinum til rannsóknar. Upphaf rannsóknarinnar má rekja til kæru Fjármálaeftirlitsins vegna meintra brota í starfsemi sjóðsins á fyrri hluta árs 2008. Í kjölfar kæru var stjórn og framkvæmdastjórn sjóðsins vikið frá störfum og sjóðnum skipaður tímabundinn umsjónaraðili. Umsjónaraðilinn starfaði frá mars 2009 til júlí 2009 og tók þá framkvæmdastjóri og réttkjörin stjórn við rekstri sjóðsins á ný. Á árinu 2011 lauk Sérstakur saksóknari rannsókn sinni með niðurfellingu málsins án ákæru. Sú ákvörðun var kærð af Fjármálaeftirlitinu til Ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari vísaði málinu aftur til rannsóknar hjá Sérstökum saksóknara. Núna fjórum árum eftir að málið hófst hefur Sérstakur saksóknari lokið rannsókn sinni og Ríkissaksóknari tekið ákvörðun um að fella málið endanlega niður án ákæru. Stjórn sjóðsins hefur allt frá upphafi þessa máls gert alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð og framgöngu Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins.

Um áramótin tók gildi ný fjárfestingastefna fyrir lífeyrissjóðinn. Helstu breytingar voru þær að markmið um hlutfall innlána var lækkað úr 16% í 8% og markmið um hlutfall innlendra hlutabréfa var aukið úr 5% í 15%.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu 2012 og annaðist Landsbankinn rekstur hans. Framkvæmdastjóri er starfsmaður bankans. Kostnaður við rekstur sjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi við Landsbankann á árinu var kr. 145.575. Vegna góðrar ávöxtunar á árinu greiddi sameignardeildin árangurstengda þóknun til Landsbankans, samtals kr. 3.014.228.

## Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2012 kr. 616.990.33 og hafði þá hækkað um 17,3% eða kr. 91.218.011 frá árslokum 2011.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur gert samning við Landsbankann, og annast hann umsjón og eignastýringu sjóðsins innan gildandi fjárfestingastefnu stjórnar sjóðsins hverju sinni. Landsbankinn leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2013.

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Hallur Halldórsson

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Halldór Kristinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning sameignardeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2012, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sameignardeildarinnar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 24. apríl 2013.

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Kristinn Kristinsson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 16.208.652 | 15.446.941 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 32.595.550 | 30.988.404 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 1.295.847 | 1.053.211 |
| | | 50.100.049 | 47.488.556 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 3.418.061 | 1.892.286 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 829.959 | 615.472 |
| Önnur gjöld/(tekjur) | 8 | 2.006.507 | 1.234.908 |
| | | 6.254.527 | 3.742.666 |
| **Fjárfestingartekjur** | 4 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 8.734.824 | 1.568.934 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 42.766.543 | 37.268.456 |
| Breyting á niðurfærslu | | 1.707.834 | (564.161) |
| | | 53.209.201 | 38.273.229 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 97.050 | 88.125 |
| Vaxtagjöld | | 52.807 | 2 |
| Önnur fjárfestingagjöld | 7 | 3.141.272 | 43.759 |
| | | 3.291.129 | 131.886 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 2.545.583 | 2.154.786 |
| Sérstakt gjald til ríkissjóðs | | 0 | 428.327 |
| | | 2.545.583 | 2.583.113 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 91.218.011 | 79.304.120 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 525.772.328 | 446.468.208 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 616.990.339 | 525.772.328 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | 5 | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 217.434.896 | 141.075.277 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 343.864.739 | 297.376.970 |
| Bankainnistæður | | 47.739.721 | 65.387.333 |
| | | 609.039.356 | 503.839.580 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 9.102.179 | 13.810.749 |
| Aðrar kröfur | | 0 | 1.125.769 |
| | | 9.102.179 | 14.936.518 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Handbært fé | | 14.806.803 | 10.926.194 |
| **Eignir samtals** | | 632.948.338 | 529.702.292 |

## Skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 15.957.999 | 3.929.964 |
| **Skuldir samtals** | | 15.957.999 | 3.929.964 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 616.990.339 | 525.772.328 |
| **Aðrar upplýsingar** | 8-11 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 50.100.049 | 46.895.042 |
| Fjárfestingartekjur | | 19.658.258 | 18.300.667 |
| Afborganir verðbréfa | | 9.227.078 | 7.927.399 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 129.896.717 | 84.180.305 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 21.984.239 | 3.996.610 |
| Lækkun á bankainnstæðum | | 17.640.156 | 0 |
| Aðrar inngreiðslur | | 4.882.058 | 0 |
| | | 253.388.555 | 161.300.023 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 5.265.084 | 1.261.430 |
| Fjárfestingargjöld | | 52.807 | 2 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 2.794.745 | 2.392.613 |
| Aðrar útgreiðslur | | 0 | 4.438.518 |
| | | 8.112.636 | 8.092.563 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 245.275.919 | 153.207.460 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 178.196.223 | 114.443.169 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 63.199.087 | 38.574.421 |
| Bankainnstæður | | 0 | 4.988.202 |
| | | 241.395.310 | 158.005.792 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 3.880.609 | (4.798.332) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 10.926.194 | 15.724.526 |
| **Handbært fé í árslok** | | 14.806.803 | 10.926.194 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sameignardeildina.

Áætlað er fyrir óframkomnum iðgjöldum í árslok.

### 1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2012.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Bankainnistæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnistæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnistæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

# Skýringar

### 1.5 Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

### 1.7 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Landsbankans, samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Landsbankinn annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrishöft er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2012 42,8 milljónir og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 4,3 milljónir króna.

### 2.3 Áhættustýring

Sjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu, seljanleikaáhættu og lífeyristryggingaráhættu fyrir sameignardeild. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir því að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

**Greiddur lífeyrir greinist þannig:**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Makalífeyrir | 3.104 | 0 |
| Örorkulífeyrir | 1.832.290 | 1.892.286 |
| Eftirlaun | 1.582.667 | 0 |
| | 3.418.061 | 1.892.286 |

## 4. Fjárfestingatekjur

**Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Arður | 369.290 | 0 |
| Gangvirðisbreyting af hlutabréfum | 8.365.534 | 1.568.934 |
| | 8.734.824 | 1.568.934 |

**Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnistæðum | 849.650 | 440.813 |
| Gengishagnaður (tap) | 70.651 | (56.899) |
| Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa | 41.015.463 | 36.089.504 |
| Dráttarvextir | 830.779 | 795.038 |
| | 42.766.543 | 37.268.456 |

**Breyting á niðurfærslu greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1 | (6.316.200) | (5.752.039) |
| Breyting á niðurfærslu | 1.707.834 | (564.161) |
| Niðurfærsla 31.12 | (4.608.366) | (6.316.200) |

**Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 2.811.662 | 4.312.819 |
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund I | (1.103.828) | (4.876.980) |
| | 1.707.834 | (564.161) |

# Skýringar

## 5. Fjárfestingar

| Hlutabréf: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Marel Food Systems hf | 8.261.400 | 7.500.000 |
| Icelandair Group hf. | 12.987.600 | 7.545.000 |
| Össur hf. | 2.010.422 | 1.922.337 |
| Hagar hf | 1.201.811 | 1.185.555 |
| Reginn hf | 3.575.539 | 0 |
| Eimskipafélag Íslands hf | 4.859.670 | 0 |
| Tryggingamiðstöðin | 3.553.603 | 0 |
| | 36.450.045 | 18.152.892 |

**Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:**

| | | |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Stefnir ÍS-5 | 6.870.307 | 5.541.549 |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 13.161.532 | 4.258.815 |
| | 20.031.839 | 9.800.364 |
| Skuldabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Markaðsbréf | 27.303.583 | 4.556.312 |
| Landsbréf - Sparibréf löng | 4.416.854 | 11.236.253 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng | 4.392.050 | 4.073.747 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð | 38.975.759 | 56.371.063 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt | 3.514.848 | 0 |
| Fyrirtækjabréf Landsbankans | 6.205.421 | 7.119.291 |
| Gamma: Iceland Government Bond Fund | 8.721.280 | 0 |
| Gamma : Government Bond Index Fund | 20.070.920 | 0 |
| | 113.600.715 | 83.356.666 |
| Önnur innlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Gamma Iceland Fixed Income Fund | 4.506.497 | 0 |

**Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:**

| | | |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| T.Rowe Price - Global Equities I | 8.754.180 | 2.680.755 |
| Carnegie - Worldwide Fund | 8.903.660 | 3.092.231 |
| Landsbréf - Global Equity Fund | 13.976.278 | 11.344.170 |
| Black Rock - Global Opportunities Fund | 2.844.418 | 0 |
| | 34.478.536 | 17.117.156 |
| Önnur erlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 2.710.000 | 6.756.050 |
| LPE II | 5.657.263 | 4.752.000 |
| Landsbanki Absolute Return Strategies | 0 | 212.225 |
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund 1 | 0 | 927.924 |
| | 8.367.263 | 12.648.199 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum samtals | 217.434.896 | 141.075.277 |

# Skýringar

**Innlend skuldabréf:**

| | | |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 209.533.245 | 172.278.726 |
| Ríkisbréf | 50.510.530 | 62.573.447 |
| Fyrirtæki | 30.319.983 | 22.392.352 |
| Sveitarfélög | 32.280.404 | 32.223.983 |
| Lánastofnanir | 21.220.577 | 0 |
| | 343.864.739 | 289.468.508 |
| **Erlend ríkistryggð skuldabréf** | | |
| US Treasury Bill | 0 | 7.908.462 |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 343.864.739 | 297.376.970 |
| **Bankainnistæður:** | | |
| Bundnar innistæður | 47.739.721 | 65.387.333 |
| **Heildar fjárfestingar** | **609.039.356** | **503.839.580** |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í árslok 2012. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tillti til markaðsaðstæðna.

Markaðsverð skuldabréfa nemur 385,4 mkr. í lok desember 2012. Virði skuldabréfa sameignardeildar er reiknað miðað við upphaflega kaupávöxtunarkröfu þeirra. Ef skuldabréf deildarinnar væru metin á markaðsvirði eins og hjá séreignardeild, þá myndi hrein eign sameignardeildar hækka um 41,5 milljónir eða 6,7%.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar greinast þannig eftir erlendum gjaldmiðlum:** | | |
| Fjárfestingar í ISK | 566.193.557 | 466.165.763 |
| Fjárfestingar í USD | 20.502.258 | 13.893.673 |
| Fjárfestingar í EUR | 19.633.541 | 17.024.094 |
| Fjárfestingar í GBP | 2.710.000 | 6.756.050 |
| | 609.039.356 | 503.839.580 |

# Skýringar

## 6. Skrifstofukostnaður

Gjaldfærður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður skiptist á milli séreignar- og sameignardeildar í hlutföllunum 82,77% og 17,23%:

| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 847.235 | 689.076 |
| Tryggingafræðileg úttekt 100% | 1.374.200 | 1.179.768 |
| Endurskoðun | 275.623 | 241.879 |
| Umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 145.575 | 132.188 |
| | 2.642.633 | 2.242.911 |

Í sameiginlegum kostnaði er hlutfall sameignardeildar af stjórnarlaunum og launum endurskoðunarnefndar:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður | 215.779 | 178.088 |
| Gísli Vilhjálmsson | 53.495 | 35.618 |
| Sæmundur Pálsson | 43.157 | 35.618 |
| Hallur Halldórsson | 43.157 | 35.618 |
| Heiðdís Halldórsdóttir | 43.157 | 17.809 |
| Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, formaður endurskoðunarnefndar | 22.283 | 25.808 |
| Þórólfur Ólafsson | 10.338 | 0 |
| Jón Björn Sigtryggsson | 0 | 17.809 |
| | 431.366 | 346.368 |

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 276 þús. króna. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af Innri endurskoðun Landsbankans, en þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Landsbankans samkvæmt samningi.

## 7. Önnur fjárfestingargjöld

| Önnur fjárfestingargjöld sundurliðast þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Árangursþóknun | 3.014.228 | 0 |
| Sölulaun og afgreiðslugjöld | 127.044 | 43.759 |
| | 3.141.272 | 43.759 |

Vegna góðrar ávöxtunar á árinu greiddi sameignardeildin árangurstengda þóknun til Landsbankans, samtals kr. 3.014.228.

## 8. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Skuld sjóðsins vegna þessa er kr. 1.979.768.

## 9. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig á næstu árum til að leggja 13,2 m.kr. í LPE II, Horn II og SÍA II.

# Skýringar

## 10. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2013 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2012. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að eignir sjóðsins næmu 0,5 mkr. umfram skuldbindingar sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda miðað við árslok 2012.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

| | Áfallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Heildar- skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 617,0 | | 617,0 |
| Núvirðing | 13,1 | | 13,1 |
| Fjárfestingakostnaður | (2,3) | | (2,3) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | | 625,3 | 625,3 |
| Eignir samtals | 627,8 | 625,3 | 1.253,1 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Ellilífeyrir | 441,9 | 413,0 | 854,9 |
| Örorkulífeyrir | 106,2 | 142,7 | 248,9 |
| Makalífeyrir | 42,4 | 46,6 | 89,0 |
| Barnalífeyrir | 0,0 | 5,6 | 5,6 |
| Rekstrarkostnaður | 17,5 | 36,7 | 54,2 |
| Skuldbindingar samtals | 608,0 | 644,6 | 1.252,6 |
| **Eignir umfram skuldbindingar** | 19,8 | (19,3) | 0,5 |
| **Eignir í hlutfalli af skuldbindingum** | 3,26% | -2,99% | 0,04% |

# Skýringar

## 11. Fimm ára yfirlit

| | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 3,95% | 2,24% | 3,24% | 4,73% | -26,69% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár | -3,37% | -4,20% | -3,17% | -2,42% | -1,57% |
| Fjarhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 0,04% | 2,72% | 2,40% | 0,40% | -0,10% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 3,26% | 2,76% | 0,70% | -2,60% | -8,40% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 26,79% | 24,08% | 19,78% | 16,37% | 60,45% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 55,46% | 59,02% | 60,96% | 52,29% | 9,41% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 8,91% | 3,92% | 4,95% | 7,79% | 5,58% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 1,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Bankainnistæður, bundnar | 7,84% | 12,98% | 14,31% | 23,55% | 24,56% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 92,97% | 92,52% | 93,61% | 87,88% | 83,90% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðli | 7,03% | 7,48% | 6,39% | 12,12% | 16,10% |
| Samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 283 | 271 | 222 | 270 | 265 |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal | 155 | 145 | 140 | 144 | 160 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 9 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| Fjöldi lífeyrisþega - meðaltal | 6 | 3 | 3 | 4 | 6 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun | 46,30% | 0,00% | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Makalífeyrir | 0,09% | 0,00% | 0,00% | 24,68% | 39,94% |
| Örorkulífeyrir | 53,61% | 100,00% | 100,00% | 75,32% | 60,06% |